

Vatnsveita Hveragerðis.

Saga vatnsveitu í Hveragerði hefst árið 1929 með lagningu aðveituæðar frá vatnslindum í landi Reykja að mjólkurbúi Ölfusinga sem þá var að hefja sinn rekstur. Bygging mjólkurbúsins árið 1929 markaði upphaf byggðar í Hveragerði.

Þann 4. júní 1944 var Vatnsveitufélag Hveragerðis formlega stofnað og 25. október sama ár yfirtók félagið eignir tveggja vatnsveitna, þ.e.a.s. vatnsveitu Ásahverfis og vatnsveitu Gróðurhúshverfis, sem fyrir voru í þorpinu.

Á miðju ári 1947 var vatnsveitufélagið lagt niður og eignir þess og skuldbindingar lagðar til Hveragerðishrepps.

Vatnsból Hvergerðinga.

1. Lindir í landi Reykja.

Fyrstu ár byggðar í Hveragerði var vatn nær eingöngu sótt í vatnsból í landi Reykja skammt austan við Laugaskarð eða þar til Gufudalslindir voru virkjaðar. Vatnstöku úr þessum lindum var hætt um miðjan níunda áratuginn þegar sundlaugin í Laugaskarði var tengd við núverandi veitukeri bæjarins.

2. Gufudalslindir.

Á fimmta áratug aldarinnar fór að bera á miklum vatnsskorti í bænum samhliða ört vaxandi byggð og var því ráðist í virkjun Gufudalslinda. Lindirnar, sem eru undir Reykjafjalli sunnan Gufudals, eru í takmarkaðri notkun en geta gefið allt að 10 l/sek af 8,4°C heitu vatni. Vatnsbólið hefur verið aflagt.

3. Friðarstaðalindir.

Fljótlega eftir virkjun Gufudalslinda var ráðist í virkjun linda við Friðarstaði. Vatnið rennur undan hraunbrún við Varmá. Þar er vatninu safnað í þró og rennur vatnið úr henni að dæluskúr sem stendur neðan við þróna. Lindirnar geta gefið frá um 10 l/sek upp í 20 l/sek (fer eftir grunnvatnsstöðu). Hitastig vatnsins er 8,7°C. Mikil umferð bæði manna og dýra er um hraunið vestan við vatnsbólið og því veruleg hætta á mengun vegna umferðarinnar. Vatnsbólið er í dag varavatsnból bæjarins og því í fullu viðhaldi. Tvær samsíðatengdar 11kW Grundfos LP 80-200 dælur eru í dæluskúrnum. Vatnsbólið er nýtt sem varavatsnból.

4. Ölfusborgarlindir.

Ölfusborgarlindir, sem eru undir Reykjafjalli rétt vestan Ölfusborga voru virkjaðar árið 1979. Vatnið kemur úr skriðu í fjallshlíðinni og er safnþró við skriðufótinn. Úr þrónni rann vatnið að dæluskúr sem stendur neðan við sundlaugina í Laugaskarði. Vatnsbólið gaf um 13 l/sek af 6,0°C heitu vatni. Vatnsbólið hefur verið aflagt.

Grunnvatnsrannsóknir:

Undanfarin 20 ár hefur verið leitað að nýjum vatnsbólum fyrir Hvergerðinga, því bæði Gufudals- og Friðarstaðalindir fullnægja ekki nútímakröfum um vatnsból. Lengi hefur verið vítað um mikið grunnvatnsstreymi í hrauninu beggja vegna Hamars.

Að frumkvæði samvinnunefndar um svæðisskipulag Ölfushrepps, Hveragerðis- og Selfossbæja árið 1989, hófust umfangsmiklar grunnvatnsrannsóknir við Hveragerði. Samvinnunefndin gerði samning við Orkustofnun um ráðgjöf og rannsóknir og við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða um boranir á rannsóknarholum í Bæjarþorpsheiði suðvestan við bæinn. Helstu ráðgjafar voru þeir Freysteinn Sigurðsson, Þórólfur Hafstað og Sverrir Þórhallsson, Orkustofnun.

Samhliða endurskoðun aðalskipulags Hveragerðis árið 1992 var rannsóknunum haldið áfram á

vegum Hveragerðisbæjar og þá boraðar 2 rannsóknarborholur á Selhæðum, undir Kömbum, norðan Hamars. Niðurstöður þeirra borana leiddu í ljós að þar var nægjanlegt vatnsmagn til þess að fullnægja vatnspörf bæjarins næstu áratuginna eða allt að 100l/sek.

Árið 1993 voru síðan boraðar tvær rannsóknarborholur undir Kömbum, sunnan Hamars til þess að staðsetja nákvæmlega megin vatnsstrauminn í Kambahrauninu.

Vatnsból á Selhæðum norðan Hamars.

Borhola 1:

Veturinn 1992-1993 var að boruð 30 metra djúp vinnsluhola á Selhæðum, sem gefur u.þ.b. 25 l/sek af 6,0°C heitu vatni. Grunnvatnsborð í holunni er í um 16-17 metrum undir jarðvegsyfirborði. Borholan var boruð og fóðruð af Borverki hf, borstjóri var Jökull Ólafsson. Yst er 14" stál yfirborðsfóðring, 3 metra löng. Síðan 10" plast-vinnslufóðring fyrir dælu. Fóðringin nær niður á botn holunnar og er raufuð neðstu 12 metrana. Innan í vinnslufóðringunni er 21 metra langt, 6" plaströr frá dælu. Utan á það rör, með rafstreng, er fest 1/4" mælirör til vatnsborðsmælingar. 22 kW Grundfos dæla er á 21 metra dýpi. Hún var gangsett í fyrsta skipti 25. nóvember 1994 og formlega tekin í notkun 1. desember 1994.

Borhola 2:

Ný vinnsluhola var boruð á árinu 2001 og tekin í notkun það sama ár. Holan er að öllu leyti eins og Borhola 1 og gefur álíka mikið vatnsmagn eða um 25 l/sek. Holan var boruð og fóðruð af Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða ehf.

Borhola 3:

Ný vinnsluhola var boruð á árinu 2007 og tekin í notkun árið 2008. Holan er að öllu leyti eins og hola Borhola 1 og gefur álíka mikið vatnsmagn eða um 25 l/sek. Holan var boruð og fóðruð af Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða ehf.

Lokahús:

Ofan á vinnsluholunum eru 6m² lokahús.

Aðveitulögn:

1.200 metra löng 8" aðveitulögn, framleidd af SET hf, Selfossi var lögð frá eldri aðveitulögn að borholunni. Í lagnaskurðinn, með vatnslögninni, var lagður háspennustrengur ásamt jarðskauti. Strengurinn er alls 1.740 metrar og liggur frá borholu að spennistöð í Álfafelli. Einnig var lagður stýrisstrengur í skurðinn, fyrir fjargæslukerfi, Strengurinn er alls 1.750 metrar og liggur frá borholu að miðlunartanki vatnsveitunnar. Meðfram aðveitulögninni að borholu var lagður 1.100 metra langur og 4 metra breiður vegur sem verður framtíðarvegur að vatnsbólinu auk þess sem hann er hluti að reiðvegakerfi bæjarins. Verkið var unnið af Vinnuvélum A Michelsen, Hveragerði.

Miðlunartankur - Dælustöð:

Núverandi miðlunartankur vatnsveitunnar er steinsteyptur og byggður árið 1981 eftir að suða í eldri miðlunartanki gaf sig með þeim afleiðingum að hann gjöreyðilagðist. Tankurinn stendur á Litla Hamri undir austurbrún Hamarsins og rúmar 750 tonn af vatni.

Árið 2006 var byggð dælustöð við miðlunartankinn. Byggingarfyrirtækið Eysteinn ehf sá um verkið. 22. kW Grundfos dæla er í stöðinni. Tilgangurinn meðstöðinni er að auka inntaksþrýsting í efstu húsum bæjarins.